

Starfshópur um endurskoðun húsnæðisstefnu Hafnarfjarðar

1.fundur kl. 8:00 föstudaginn 27.nóvember 2020

Mættir: Skarphéðinn Orri Björnsson, Arnhildur Ásdís Kolbeins, Lovísa Traustadóttir og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu – og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð.

1. Erindisbréf.

Fyrir fundinum liggur drög að erindisbréfi. Meginverkefni vinnuhópsins er að uppfæra, endurskoða og yfirfara húsnæðisáætlun sveitarfélagsins. Vinnuhópurinn skal fara yfir helstu áherslur í áætluninni, endurmeta þörfina í ljósi samfélagsþróunar og þróunar húsnæðismarkaðarins. Áætlunin skal uppfærð með tilliti til breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar. Vinnuhópurinn skal einnig kynna sér nýjar áherslur og lagasetningu í húsnæðismálum. Starfshópurinn vísar erindisbréfinu til samþykktar í fjölskylduráði.

2. Húsnæðisstefna 2018-2026.

Farið yfir núverandi húsnæðisstefnu og helstu áherslu í stefnunni. Í reglugerð nr. 1248/2018 um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga kemur fram að öll sveitarfélög skuli gera húsnæðisáætlanir til fjögurra ára í senn og þær skuli uppfærðar árlega með tilliti til breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar á milli ára. Rætt um aðkomu KPMG að endurskoðun áætlunarinnar og verður það tekið fyrir aftur á næsta fundi starfshópsins.

3. Upplýsingaöflun.

Á næsta fundi liggi fyrir upplýsingar um félagslegt húsnæði, fjölda íbúða og samsetning, biðlisti og samsetning hans. Einnig liggi yfir upplýsingar um stöðu húsnæðismála í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk og upplýsingar um búsetukjarna, sambýli og þörf fyrir sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk.

Næsti fundur starfshópsins verður 11. desember kl. 14.

Fundi slitið kl. 8:45.